

1. Undirbúningur

- Útvegið lág- eða háþrýstidælu.
- Akið farartækinu á steinsteypt þvottaplan sem er með frárennsli í þró.
- Farið í hreinan hlífðarfatnað og stígvél.

2. Forhreinsun

- Fjarlægið allan lausan skít og óhreinindi úr farartækinu með bursta og sköfu, bæði að innan og utan; af lofti, veggjum, grindum, gólfi, undirvagni, dekkjum o.s.frv.
- Safnið skítum saman í lekaheld ílát, lokið tryggilega og flytjið á urðunarstað sveitarfélagsins.

3. Sápun

- Notið sápu sem vinnur vel á fitu og öðrum óhreinindum og inniheldur klór (natríumhýpóklóríð, NaOCl). Blandið sápulögin í réttum hlutföllum miðað við leiðbeiningar.
- Úðið blöndunni á alla fleti. Notið helst lágan þrýsting (25 bör) og kvoðustút. Ef ekki eru kvoðutæki til staðar, notið þá bursta eða skrúbb til að sápa fletina.
- Látið kvoðuna liggja á fletinum í a.m.k. 20 mínútur en gætið þess að hún þorni ekki áður en þvegið er.

4. Þvottur

- Þvoið alla fleti farartækisins bæði að innan og utan með bursta.
- Byrjið efst og vinnið ykkur svo niður. Verið sérstaklega nákvæm með samskeyti, sprungur og aðra staði þar sem hætta er á að óhreinindi safnist fyrir.
- Notið mikið vatn og breiða vatnsbunu.
- Gætið þess að óhreinindi berist ekki frá óhreinum flötum yfir á hreina.
- Skoðið hvernig til hefur tekist með þrifin og þrifið betur ef sjáanleg óhreinindi eru til staðar.

5. Skolun

- Skolið með hreinu vatni með lág- eða háþrýstingi.

6. Þurrkun

- Látið farartækið þorna.

7. Sótthreinsun

- Blandið sótthreinsilög sem inniheldur klór (natríumhýpóklóríð, NaOCl) þannig að styrkur klórsins sé 2% (20.000 ppm). Notið kalt vatn.
- Úðið blöndunni á alla fleti með lágum þrýstingi (25 bör).
- Vinnið skipulega til að tryggja að sótthreinsiefnið berist á alla fleti og að allt blotni.
- Ekki skola sótthreinsiefnið af.

8. Þrif og sótthreinsun á stjórnrymi

- Takið alla lausa hluti út úr stjórnryminu.
- Hreinsið gólf og fótstig með sópi.
- Safnið sandi, mold og rusli í lekaheld ílát, lokið tryggilega og flytjið á urðunarstað sveitarfélagsins.
- Úðið sápulegi á gólf, mottur og fótstig með mjúkum bursta.
- Látið bíða í 10 mínútur og hreinsið svo með hreinu vatni.
- Þvoið allt stjórnrymið og alla lausa hluti með vatni og sápu.
- Úðið sótthreinsilegi sem inniheldur 2% (20.000 ppm) klór (natríumhýpóklóríð) á gólf, mottur og fótstig með hreinum klúti.
- Þvoið og sótthreinsið alla lausa hluti á sama hátt.

9. Að lokum

- Akið farartækinu af þvottaplaninu, leggið því í halla og látið það þorna.
- Þvoið þvottaplanið með sápu og fjarlægið öll óhreinindi.
- Sótthreinsið þvottaplanið með sótthreinsilegi sem inniheldur 2% (20.000 ppm) klór (natríumhýpóklóríð, NaOCl).
- Þvoið og sótthreinsið allan búnað sem notaður hefur verið við þrifin á sama hátt, þar með talin stígvél, þ.e.a.s. grófhreinsið, sápið, þvoið, skolið, þurrkið og sótthreinsið.
- Þvoið hlífðarfatnað í þvottavél á minnst 60°C hita.